

28. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima

28. maí 2014 kl. 8:15 – Nýheimum, Höfn í Hornafirði

Mætt:

Ragnhildur Jónsdóttir, formaður stjórnar
Eyjólfur Guðmundsson, FAS
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofnun Suðausturlands
Vala Garðarsdóttir, Hornafjarðarsöfn
Tinna Björk Arnardóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Árdís Erna Halldórsdóttir, Ríki Vatnajökuls

Forföll:

Þorvarður Árnason, Háskólasetrið Höfn
Fanney Björg Sveinsdóttir, SASS

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir
Fundarritari: Tinna Björk Arnardóttir

Dagskrá

1. Farið yfir fundargerð síðasta funda

Engar athugasemdir.

2. Ársreikningur Nýheima fyrir 2013

Einungis tveir reikningar frá 2013, Árdís hafði samband við RSK til að kanna hvort við megum hafa einn ársreikning fyrir árið 2014 þar sem þessir reikningar verða teknir með. Ekki komið svar frá RSK en líklegt að þetta verði samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar

Ragnhildur hefur unnið skýrslu stjórnar fyrir ársfundinn. Aðdragandi að stofnun Þekkingarsetursins og starfsárið 2013 er í skýrslunni, formaður kynnir svo það sem gert hefur verið á fyrri hluta þessa árs á ársfundi. Skýrsla stjórnar verður svo birt á heimasíðunni okkar.

4. Aðild nýrra stofnanna að Þekkingasetrinu Nýheima

Tvö félög hafa óskað eftir aðild að Þekkingasetrinu – Háskólafélag Suðurlands og Vatnajökulspjóðgarður. Stjórn samþykkir aðild þeirra að Þekkingasetrinu og mun aðild þeirra taka gildi strax og stofnfé hefur verið greitt.

Aðild þjóðgarðsins er samþykkt þrátt fyrir að vera ekki með starfsemi í húsinu vegna þess að starfsemi hans fellur að hugmyndafræði Nýheima.

5. Samstarf á suðurlandi

Ragnhildur og Eyjólfur áttu símafund með forsvarsmönnum Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunets Suðurlands varðandi samstarf við uppbyggingu þekkingarsamfélagsins á Suðurlandi. Munnlegt samkomulag náðist um áframhaldandi samtal og samstarf við þróun og uppbyggingu á framtíðar samstarfi. Ákveðið að hafa fyrsta samstarfsfund strax eftir miðjan september.

Fundi slitið kl. 9:04

Næsti fundur verður 11. júní 2014 kl. 8:15, 25. júní 2014 kl. 8:15 og svo frá og með 3. september kl. 8:30

Timma Björne Arnard.
Ragnhildur Jónsdóttir